

Nd.

783. Breytingartillögur

[289. mál]

við frv. til 1. um Landmælingar Íslands.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Í stað 2. og 3. gr. komi fjórar nýjar greinar er orðist svo:
 - a. (2. gr.) Í stjórn Landmælinga Íslands, landmælingastjórn, skulu vera fimm menn skipaðir af samgönguráðherra til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn tilnefndur sameiginlega af verkfræðideild og raunvísindadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af Orkustofnun, einn tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og einn tilnefndur af Vegagerð ríkisins. Auk þess skal einn fulltrúi starfsmanna stofnunarinnar eiga rétt til setu á fundum landmælingastjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.
 - b. (3. gr.) Landmælingastjórn fer með yfirstjórn stofnunarinnar og samþykkir verkefnaáætlun. Landmælingastjórn hefur með höndum samræmingu á störfum þeirra sem vinna að landmælingum, gerir tillögur til ráðherra um reglur og staðla á sviði landmælinga, svo sem um mælikvarða uppdráttá, samræmt hnitakerfi, hæfisskilyrði landmælingamanna og annað er að þessu lýtur.

Landmælingastjórn fylgist með að réttum reglum sé framfylgt og leysir úr ágreiningi sem kann að rísa um samræmingu í landmælingastörfum. Að öðru leyti skal landmælingastjórn vera samgönguráðuneytinu og Landmælingum Íslands til ráðuneytis um landmælingamálefni.
 - c. (4. gr.) Samgönguráðherra skipar forstjóra að fengnum tillögum landmælingastjórnar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar í samráði við landmælingastjórn. Forstjóri situr fundi landmælingastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.
 - d. (5. gr.) Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar.
2. 4. gr., er verði 6. gr., orðist svo:

Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð, þ. á m. skulu vera ákvæði um samráð milli þeirra aðila sem landmælingar stunda. Í reglugerð skulu einnig settar nánari reglur um aðferðir við mælingar, vörslu gagna, nákvæmniskröfur til mælinga, og kröfur um hæfi landmælingamanna. Reglur þessar skulu settar að fengnum tillögum landmælingastjórnar.